

## Aðalfundur skógareigenda á Suðurlandi

### 27. aðalfundur haldinn að Reykjum í Ölfusi 21.4. 2018 kl. 11:00

María E. Ingvadóttir formaður setti fundinn og bauð fjölmennan hóp fundarmanna velkominn. Formaður stakk upp á Sigríði Heiðmundsdóttur sem fundarstjóra og Sigríði Hjartar sem fundarritara, var það samþykkt.

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2017.

#### Skýrsla stjórnar.

Sem áður, hófst starfsárið með Jónsmessugöngu. Áð var í Múlakoti hjá Sigríði og Stefáni, en síðan haldið austur í Giljaland, þar sem Þuríður Jónsdóttir og Sigurður Ólafsson tóku á móti okkur. Eftir góðar veitingar, var skógræktin þeirra skoðuð, en í Giljalandi er alvöru skógur og þar er einnig skógarrjóður, þar sem vel fer á að borða saman, ræða málin og kannski að syngja aðeins við opinn eld og skógarkaffið var á sínum stað. Það vakti áhuga skógarbænda, að Sigurður og Þuríður eiga vél sem léttilega flettir myndarlega boli í falleg viðarborð. Veður var ágætt og ferðin öll ánægjuleg.

Þann 23. september var félagsfundur í Gunnarsholti um brunavarnir í skógi og tryggingamál. Björn B. Jónsson hélt erindi um varnir gegn gróðurbruna á Íslandi, en hann er í vinnuhópi sem hefur unnið að því að taka saman upplýsingar sem nú hafa verið gefnar út í bæklingi sem dreift verður á öll sveitaheimili og til sumarhúsa eigenda.

Pétur Pétursson og Haukur Grönli fræddu fundarmenn um tæki og búnað Brunavarna Árnessýslu og ýmsar þarfar leiðir og aðgerðir sem betra er að þekkja til.

Hannes Lentz ræddi um nauðsyn þess að hægt verði að tryggja skógana, en í kjölfarið, skipaði stjórnin þá Hannes og Sigurð Karl Sigurkarlsson í nefnd sem skyldi kanna grundvöll þess að hægt verði að tryggja skógana.

Þann 7. apríl s.l., var félagsfundur í Gunnarsholti, þar sem Árni Bragason, landgræðslustjóri flutti erindi um loftslagsmál. Á aðalfundi Landssamtaka landeigenda í síðasta mánuði, var komið inn á skipulagsmál og samskipti við ríkisvaldið, þegar kemur að þjóðlendum og þjóðgörðum, einnig réttindi landeigenda. Í framhaldi af því var Antoni Kára Halldórssyni, byggingar- og skipulagsfulltrúa Rangárpings eystra, boðið að ræða um skógrækt í skipulagi sveitafélagsins, þjóðlendu- og þjóðgarðamál, skráningu fornminja og fleira. Einnig var komið inn á brunavarnir, enda bera sveitafélögin ábyrgð á þeim. Björn B. Jónsson svaraði spurningum þar um, vakti hann einnig athygli á að í smíðum væri heimasíðan brunavarnir.is. Fundurinn var vel sóttur og umræður málefnalegar.

Eins og áður hefur komið fram, fengum við styrk frá Sambandi íslenskra sveitafélaga, sem átaksverkefni sóknaráætlunar Suðurlands, 6 milljónir króna. Á starfsárinu vann Ingvar Pétur Guðbjörnsson, verkefnisstjórinn okkar, áfram að gerð viðskiptaáætlunar vegna væntanlegs rekstrarfélags. Þessi viðskiptaáætlun var kynnt á góðum fundi í Þingborg, laugardaginn 25. nóvember.

Stjórnin tilnefndi bráðabirgðastjórn sem skyldi undirbúa stofnun félagsins, safna hlutafé og kynna verkefnið fyrir áhugasömum fjárfestum. Í þessari bráðabirgðastjórn eru Jón Helgi Guðmundsson, Magnús Gunnarsson og undirrituð.

Ingvar Pétur hefur unnið með bráðabirgðastjórninni, aðallega með því að heimsækja skógarbændur og aðra fjárfesta. Bráðabirgðastjórnin hefur hist reglulega og farið yfir stöðuna

og lagt á ráðin. Unnið er að því að finna hentugt húsnæði og einnig hefur verið skoðaður vænlegur vélakostur og verkefnið kynnt stærri fjárfestum.

Þessi undirbúningur stofnunar rekstrarfélags hefur tekið lengri tíma en ætlað var, en meiningin er að, að loknum stofnfundi, verði komin mynd á verkefnið, þannig að hefjast megi strax handa við að koma rekstrinum í gang.

Skógræktin hefur boðað stjórn Landssamtaka skógarbænda til fundar ásamt formönnum félaganna, bæði vor og haust og eru þetta ágætir samráðsfundir. Skógræktin er að finna sinn sess í samskiptum við skógarbændur og skógarbændur að átta sig á, með hvaða hætti samstarf þetta getur leitt til betri árangurs skógræktar í landinu. Þar er auðvitað fyrst að nefna fjárframlög til skógræktar, sem þyrftu að fjórfaldast, ef reyna á að koma jöfnuði á kolefnisbúskapinn.

Einnig eru gæðamál sameiginlegt áhugamál og ráðgjöf til skógarbænda.

Tillögur Skógræktarinnar um girðingareglur voru ræddar og lagði LSE fram tillögur um breytingar, einnig sendu félögin inn sínar athugasemdir. Aðallega var tekist á um það, hvenær ætti að greiða kostnað vegna girðinga, áður en verk væri hafið, í áföngum eftir því sem verkið væri unnið, eða við verkslok. Fjármagn er takmarkað, óþarfi að girða þar sem engar plöntur fást í stykkið, planta skal í afgirt eða öruggt svæði, samkvæmt skógræktarsamningi, það er í mörg horn að líta. Ekki er komin endanleg niðurstaða.

Einnig voru taxtar vegna gróðursetninga 2018 ræddir og fannst fólki að taxtar ættu að halda betur í við almennar verðlagshækkunar, jafnvel að taka mið af launavísitölu. Taxtarnir hafa ekki verið birtir í endanlegri útgáfu.

Varðandi taxa, þá er það þó stór áfangi að þeir verði samræmdir um allt land.

Þeir hjá Sambandi íslenskra sveitafélaga, buðu mér og Ingvari Pétri til fundar, þar sem farið var yfir hvernig gengi með stofnun rekstrarfélagsins. Í framhaldi af því og eftir mjög gagnlegar viðræður, lögðu þeir til að þeir mundu, á heimasíðu sinni, birta umsóknarblað, sem sérstaklega væri ætlað hönnuðum sem væru að vinna með hráefni úr skógi. Okkar megin, munum við svo hvetja hönnuði til samstarfs og í framhaldinu til að sækja um styrk til sjóðsins. Þarna er tækifæri til frekari samvinnu og lögðu þeir til að við mundum hittast mánaðarlega.

Ljóst er að við munum horfa til fleiri afurða en undirburðs og arinkubba, þó að góðar vörur séu, en meiri verðmæti liggja í framleiðslu hráefna til frekari vinnslu. Til gamans má nefna, að á aðalfundi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, var kynntu mjög fallegur varalitur, unninn úr efnum úr lúpínunni. Þar sem hugvitið er, þar eru nýjungarnar.

Þegar er hafinn undirbúningur aðalfundar Landssamtaka skógareigenda sem verður að þessu sinni á Suðurlandi, í umsjón okkar félags. Fundurinn verður á Hóтели Stracta á Hellu, dagana 5. til 7. október.

Viku síðar verður Landbúnaðarsýning í Hörpu og hefur LSE tryggt sér sýningarbás á góðum stað. Félagin munu öll koma að skipulagi þessa svæðis.

Það væri gaman ef félagsmenn sendu inn hugmyndir, bæði vegna kynninga á aðalfundi og hvernig megi sem best nýta sýningarbásinn í Hörpunni.

Hér hef ég hlaupið yfir það helsta í starfi félagsins, en vil benda á, að fundargerðir eru inn á svæði FsS á skogarbóndi.is.

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum gott samstarf, en þeir eru Sigríður Hjartar, Bjarnheiður Guðmundsdóttir, Hannes Lentz og Sigríður Heiðmundsdóttir. Varamaður í stjórn, Sigurður Karl Sigurkarlsson hefur einnig mætt á stjórnarfundina og er akkur af því. Skoðunarmönnum reikninga eru einnig færðar bestu þakkir.

Skýrsla formanns var samþykkt athugasemdalaust með öllum greiddum atkvæðum.

Bjarnheiður Guðmundsdóttir gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins og skýrði þá. Helstu tekjuliðir voru félagsgjöld og styrkir frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands og LSE vegna stofnunar rekstrarfélags, en stærstu kostnaðarliðir voru aðkeypt verktakavinna vegna stofnunar rekstrarfélags, félagsgjöld til LSE og funda- og viðskiptakostnaður. Reikningar félagsins voru samþykktir athugasemdalaust.

Kosning embættismanna félagsins.

Kjörtímabil manna í aðalstjórn er þrjú ár. Samkvæmt því höfðu þau Sigríður Heiðmundsdóttir og Hannes Lentz lokið kjörtímabili sínu og gáfu ekki kost á sér til frekari starfa í aðalstjórn. Stungið að upp á að Sigurður Karl Sigurkarlsson á Skammbeinsstöðum, sem verið hefur í varastjórn, og Októ Einarsson á Heiðarlæk tækju sæti í aðalstjórn, var það samþykkt.

Í varastjórn er kosið árlega. Hildur María Hilmarsdóttir, Spóastöðum, gefur kost á sér áfram. Sigríður Heiðmundsdóttir og Hannes Lentz, sem voru í aðalstjórn, gefa kost á sér í varastjórn. Þessir þrjú félagar hlutu einróma kosningu í varastjórn.

Skoðunarmenn reikninga kosnir í eitt ár voru kjörnir sem fyrr Ragnar Ingimarsson, Péturshólma og Halldór E. Guðnason, Efra Seli. Til vara sem fyrr eru Sigurbjörg Snorradóttir og Sigurður Jónsson.

Októ Einarsson var boðinn velkominn í stjórn og Erni Karlssyni, sem hættir í varastjórn, þökkuð vel unnin störf.

Ákvörðun árgjalds.

Lagt var til að árgjald FsS væri óbreytt frá fyrra ári kr. 10.000.-. Þar af fara kr. 6.500.- til LSE. Samþykkt.

Önnur mál.

Lagabreytingar.

Þörf var á breytingum á lögnum frá 2012. Félögum hafa verið sendar rafrænt tillögur stjórnar um lagabreytingar. Eins tillögu félagsmanns um orðalagsbreytingu á skilgreiningu félagssvæðis. Jafnframt kom ábending um að þyrfti að vera í lögum hvernig félaginu skuli slitið.

Allar þessar breytingar voru samþykktar. Félagsmönnum verða send löggin með samþykktum breytingum auk þess sem þau birtast á skogarbondi.is undir FsS.

Tilnefning fulltrúa FsS til stjórnarkjörs LSE.

Samþykktir LSE heimila hámarkssetu samfelld í stjórn þess 8 ár. Nú hefur María náð þessu marki, en formannstímabil hennar hjá okkur stendur enn eitt ár. Venja er hjá FSS að formaður félagsins sitji í stjórn LSE. Samkvæmt okkar lögum er ritari varamaður formanns. Stungið var upp á að Sigríður Hjartar ritari yrði aðalmaður til kjörs í stjórn LSE, en María varamaður.

Samþykkt.

María formaður ræddi verkefni framundan:

Það sem efst er á blaði er að halda stofnfund rekstrarfélagsins og hefja rekstur. Undirbúningur gengur vel, en tekur lengri tíma en ráðgert var, en þannig er það þegar vel skal gera.

Það þarf að hugsa til þess, að hver jörð verði tekin út, þannig að ljóst sé, hvert viðarmagnið er á jörðinni, hver er grisjunarþörfin og hvernig líta þessar tölur út næstu 20 árin. Skógræktin hefur áætlað að framkvæma þetta með miklum tilkostnaði. Framkvæmdastjóri LSE hefur kynnt nýjar leiðir, þ.e. að nota dróna og litlar flugvélar til slíkra úttekta. Landgræðslan hefur nýtt sér þessa tækni.

Til að skógareigandi geti gert sínar ræktunaráætlanir og söluáætlanir, þurfa þessar upplýsingar að liggja fyrir.

Sala á bindingu kolefnis er enn óljós stærð, kannski öllu heldur óskilgreint hugtak, en lítið hefur þokast í þá átt, að fá viðurkenndan eignarétt á kolefnisbindingu. Það virðist auðveldara að benda á þá sem losa kolefni og setja á þá verðmiða. Kolefnisnefnd LSE er til og er starfandi, það verður gaman að heyra frá henni á aðalfundinum í haust.

Skógræktin er að þússa hnökra af sínum vinnugangi, þannig að dráttur á uppgjöri til bænda, ætti ekki að endurtaka sig á þessu ári. Einnig er Skógræktin að átta sig á hvað er hvers og hvurs er hvað. Skógræktin er opinber stofnun, hún er talsmaður stjórnvalda um málefni skógræktar á Íslandi, hún er rannsóknarstofnun, hún er ráðgefandi um skógrækt og allt er henni við kemur, hún deilir út til skógarbænda því fjármagni sem ætlað er til skógræktar. Það skiptir miklu máli að yfirbygging Skógræktarinnar sé á skynsamlegum nótum, þannig að það fari ekki of stór hluti þess fjármagns sem eyrnamerkt er skógrækt, í rekstur stofnunarinnar. Félög skógarbænda, með sinn samráðs- og samvinnuvettvang sem Landssamtök skógareigenda eru, verða alltaf að vera á tánum við að verja sína hagsmuni, í orði og í verki. Bæði gagnvart Skógræktinni og stjórnvöldum. Þar ber hæst eignarétturinn, kolefnisbindingin og fjármagn til skógræktar, sem er snar þáttur í að standa við alþjóðasamninga.

Nýja fyrirtækið okkar, sem vonandi lítur fljótlega dagsins ljós, mun hafa í mörg horn að líta. Það verða hagsmunir okkar skógarbænda allra, að vinna saman að því að byggja upp þessa mikilvægu starfsemi. Afla hráefnis, framleiða og selja. Það mun líka skipta miklu máli, hversu vel við munum sinna vöruþróun og eigum við að taka á móti nýjum hugmyndum með opnum huga. Þegar hefur litlum fræjum verið sáð í frjóa mold hjá stofnunum sem eru tilbúnar

til að vinna með okkur. Ég tel að rannsóknar- og þróunarvinna verði þessu fyrirtæki mikilvæg og verði lykill að stærri og áhugaverðari verkefnum, en við nú sjáum fyrir. Ef við stefnum að sama marki, þá tekst okkur ætlunarverkið, að náum góðum árangri.

Þá tók Björn B. Jónsson til máls.

Í upphafi flutti hann kveðju Sigríðar Júlíu Brynleifsdóttur. Hún er sviðsstjóri skógarauðlindarinnar hjá Skógræktinni en það svið hefur tekið yfir þátt landshlutaverkefnanna. Undir sviðið heyra nytjaskógar á lögbýlum, rekstur þjóðskóga, framkvæmdir og samstarf við verkaka, áætlanagerð einstakra svæða og úttektir þeirra, frémál og móttaka ferðamanna svo eitthvað sé nefnt.

Á Suðurlandi voru gróðursettar 427 þúsund plöntur árið 2017, mest af því er fura og ösp. Nú er farið að hnitsetja gróðursetningar og því er mun auðveldara fyrir alla að halda utan um hvað fer í jörð og hvar það er. Skógarbændur geta sjálfir hnitsett þar sem tækjakostur til þess er ekki flókinn; gsm-tæki og snjallsími. Leiðbeiningar má finna á heimasíðunni skogur.is.

Mikil aðsókn er í skógrækt og hafa verið gerðir um 620 samningar. Til stendur að fjórfalda gróðursetninar á næstu árum.

Innan Þjóðskóga hafa verið miklar framkvæmdir og vinnubrögð hjá Skógræktinni eru til fyrirmyndar bæði hvað snertir gerð göngustíga og tröppur. Mættu aðrir aðilar læra af þeim vinnubrögðum.

Fræhusið á Vöglum sér um frémál, nægir að benda á lerkiblendinginn Hrym. Eins sér það um stiklinga o.fl. Á Tumastöðum hefur meðal annars Þorsteinn Tómasson aðstöðu fyrir birkitilraunir sínar, þar má nefna rauða, finnska birkið.

Björn nefndi málafylgjuáætlun – mikilvægt væri að fylgja málum vel eftir við þingmenn og ráðherra þannig að aukafjármagn komi inn. Skógræktin væri tilbúin til uppbyggingar.

Einn fundarmanna lét í ljós áhyggjur af plöntuframléiðslu, þar væru ekki góðar fréttir. Barri væri að loka. Þá væru aðeins eftir ein stöð á Akureyri og önnur á Suðurlandi, samkeppnin væri því lítil. Mikilvægt væri líka að gæði framléiðslunnar væru í lagi en á það hefði stundum skort.

Björn sagði að hann væri ekki lengur í ráðgjöf heldur í afurða- og markaðsmálum. Gott samstarf væri við LSE er margt ætti eftir að vinna frá grunni, svo sem gæðamál. Hann nefndi nýja gæðastaðla á timbri hjá EES og við hefðum leyfi til að notfæra okkur sænska staðla. Hugmyndir eru um notkun dróna við úttekt á viðarmagni í skógum en grunninn vantar. Sama má segja um sölutilhögun, það er ekki nóg að hafa timburstæður úti í skógi ef söluapparatið vantar. Eins vantar tilfinnanlega skipulega hönnunarvinnu úr skógarafurðum.

Stýrihópurinn um mótun vinnureglna um brunavarnir í skógum hefur starfað í nokkur ár og bæklingurinn góði er nú loks tilbúinn, aðeins er eftir að prenta hann. Fjármögnunin er erfið þar sem hönnun, prentun og dreifing kosta um 6 milljónir. Bæklingnum verður deift til landeigenda um land allt. Eins verður bæklingurinn og ítarefni á heimasíðunni skogur.is. Mikilvægt er að skógarbændur mæti vel á námskeiðin sem fyrirhugað er að halda í haust um brunavarnir í skógum.

Stöðluð kort yfir varnir gegn skógareldum þurfa að vera til fyrir hvert ræktunarsvæði. Hvar eru vatnsból, stígar, nota þarf alþjóðleg tákn fyrir flóttaleiðir o.m.fl. Neyðarlínan þarf raunveruleikann, ekki áætlanir.

Brunavarnir Árnæssýslu ætla að borga og uppfæra heimasíðuna [grodureldar.is](http://grodureldar.is)

Tillaga hefur komið fram um að félag slökkviliðsstjóra leiði nýjan stýrihóp og lagt er til að Björn Traustason verði fulltrúi skógargeirans.

Afurðamál hafa verið ofarlega í huga félaga FsS og nokkuð borið á góma á fundum. Tveir ungir vöruhönnuðir skýrðu lauslega frá verkefnum sínum.

Björn Steinar Blumenstein gerði skógarnytjar að sínu viðfangsefni. Björn hefur verið nálægt garðyrkju frá blautu barnsbeini og þegar að því kom að velja sé braut í lífinu stóð valið á milli ylærktar og vöruhönnunar, þar sem vöruhönnunin varð ofan á.

Björn kvað skógarumhvefið vera langhlaup og mikilvægar rannsóknir væru unnar m.a. á Mógilsá. Hönnuðir þurfi að miðla upplýsingum, hámarka gróða skógareigenda með því að búa til afurðir, fullvinna efnið. Það þarf að sanna að unnt sé að gera eitthvað úr auðlindunum núna, við núverandi úrvinnsluleiðir. Hann reyndi að virkja íslenska hönnuði og fékk 23 tillögur sem spönnuðu breitt svið, allt frá stólum yfir í eldspýtur. Björn gerði sjálfur frummyndir úr þessum tillögum og hélt sýningu á þeim en hönnuðurnir eiga hugverkið. Hann vil gjarnan halda rannsókninni áfram, en LSE hefur veitt til verkefnisins kr. 200.000.- Áhugi á húsgagnalínu úr íslenskum viði er töluverður en þarna er auðvitað spurning um framboð og eftirspurn – og verð, en þetta mætti tengja við raunveruleika skógarbænda, húsgögn geti speglað menningu.

Sóley Þráinsdóttir vöruhönnuður skýrði frá lokaverkefni sínu við Listaháskólann fyrir ári síðan, en hún skoðaði hreinsieiginleika furunnar og ónýtta nýtingarmöguleika úrgangs frá hrossaslátrun.

Flestar þær hreinsivörur sem eru á markaðinum eru innfluttar og innihalda venjulega mikið vatn, auðlind sem við Íslendingar eigum í ríkum mæli. Endalaus fjöldi vörumerkja er á markaðnum og mjög mikið notað af kemiskum efnum sem er meira og minna spreyað út í loftið úr alls kyns plastbrúsum. Segja má að óhreinlæti fylgi öllu þessu hreinlæti.

Rannsóknin beindist að furunni þar sem mikið fellur til við grisjun. Furan hefur einkum farið í viðarkurl eða eldivið en æskilegt er að nota hliðarafurðirnar betur. Furuviðurinn er frekar léttur en hann mætti nota í ýmis hreinlætisáhöld, svo sem bursta eða sópa.

Furuolía, sem fæst með eimingu á furunálum, er náttúrulegt sótthreinsi- og bakteríudrepanði efni. Furuolía í vatni – furuvatn - er mun mildara sótthreinsiefni en sjálf furuolían, gæti notast sem húðhreinsun o.fl.

Tjaran úr kjarnavið er bakteríudrepanði o.m.fl. Hún nýtist m.a. í sápur. Furukol sem fást við hitun án súrefnis, geta nýst sem filter, soga í sig óþef – lyfjakol. Askan hefur mildan skrúbbeiginleika og dálitla sýklavörn – hreinsimassi, dregur í sig fitu, stundum notuð í tannkrem o.fl..

Sóley skoðaði einnig sláturhússúrgang og einbeitti sér að hrossum, en sá úrgangur er mjög lítið nýttur. Hún horfði einkum á hrosshár annars vegar og fitu hins vegar. Hrosshárin – fax og tagl eru af mjög mismunandi grófleika og bæði mjúk og stíf. Þau eru hitapolin – 187°C og mætti nota í margskonar bursta. Fitu, sem hefur svipaða efnafræðilega samsetningu og mannafitu, mætti t.d. nota sem undirstöðu við sápugetur.

Vöruþróunarþjálfun snýst um miðlun rannsóknarvinnu yfir í nýtilega hluti.

Loks ræddi Gunnar Sverrisson í Hrosshaga um reynslu Hrosshaga- og Spóastaðabænda af skógarvinnsluvélum. Þeir hafa tvisvar fengið grisjað með stórri skógarhöggsvél sem heggur / afkvistar/ bútar niður/ keyrir út. Sú vél gekk vel á frosinni jörð, en hentar betur til fellingar en grisjunar. Þeir vildu fá meiri virðisauka heim á bæ og skoðuðu í Svíþjóð vél sem tekur felldan trjástofn, kvistar og bútar. Þar sem plantað hefur verið í beinar raðir má oft staðsetja vélina við braut, þá verða greinar og toppar eftir við brautina í hrúgu. Þessi vél, sem þeir keyptu svo frá Jötunvélum þarf ekki nema 40-50 ha traktor, en hann þarf að vera þungur. Æskilegt er að nokkur býli hafi samvinnu um tækið.

Loks steig Hlynur Gauti Sigurðsson nýr framkvæmdastjóri LSE í pontu og kynnti náms- og starfsferil sinn. Hlynur er frá Egilsstöðum og vann um hríð sem tæknimaður á Stöð 2. Hann nam m.a. Umhverfisskipulag hjá LbhÍ og sömuleiðis fræði Landslagsarkitekts. Hann hefur víða unnið sem ráðgjafi en einkum á Héraði.

Hann kvað starf LSE mikilvægt og gefandi, þetta væri regnhlífarsamband og heimasíða LSE sem má nálgast undir skogarbondi.is mikilvægt tæki skógarbænda. Þar má fá mikla fræðslu, upplýsingar um fundi og félagsstarf hinna ýmsu landshlutasamtaka og margt fleira. Það væri mikilvægt fyrir félögin að nota sér sem best síðuna, þar væru fjölbreyttar upplýsingar að fá svo sem um afurðamál, verktaka og fræðslumál. Eins sýndi hann myndband sem skýrði hvernig hæðarmælingar með aðstoð dróna væru framkvæmdar.

Hann sagðist hafa aðsetur í Bændahöllinni og þangað væru skógarbændur velkomnir.

María formaður flutti síðan nokkur lokaorð, þakkaði góð og fróðleg erindi, sem vekja bjartsýni og stórhug. Félögum þakkaði hún fyrir góða fundarsókn og jákvæðni nú sem endranær og sagði fundi slitið kl. liðlega 14.

Fundarritari Sigríður Hjartar